



Hvalfjarðarsveit 7. maí 2019

Til bæjarstjóra Akraness / Sævar Freyr Þráinsson.

Efni: bygging reiðskemmu á Æðarodda – stærð mannvirkis.

Í samkomulagi/yfirlýsingu milli Akraneskaupsstaðar og hestamannafélagsins Dreyra sem undirritað var þann 1. maí 2018 er gert ráð fyrir reiðskemmu að stærð 1.125 m², eða með öðrum orðum 25 m x 45 m.

Í ljósi örrar þróunar og nútíma krafna í hestaíþróttinni er það mat undirbúningshóps reiðskemmu Dreyra að mannvirkid verði 1.250 m², eða 25 m x 50 m. Þetta er aukin stærð upp á **125 m²** miðað við undirritað samkomulag.

Þegar undirbúningur fyrir byggingu reiðskemmu á Æðarodda stóð yfir á síðustu árum var mikið horft til reiðhallar hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi sem vígð var vorið 2012, en það er límtréshús að stærð 25m x 50m. Nú, aðeins 7 árum síðar, hafa Sleipnisfélagar ákveðið að stækka sína höll upp í 60 metra á lengdina en mikil starfsemi er í reiðhöllinni.

Við teljum því skynsamlegt að byggja reiðskemmu á Æðarodda sem munar einu sperrubili eða 5 metrum., þannig að hún verði 50 metrar á lengd. Okkar mat er að það sé hagstæðara að gera það núna heldur en að lengja skemmuna eftir einhver ár. Kostnaðaraukning við þetta eina sperrubil er lítið miðað við heildarkostnað mannvirkis og á ekki að auka framlag Akraneskaupsstaðar vegna byggingarinnar.

Byggingarreitur á auglýstu deiliskipulagi á Æðarodda er 25x50 m og rúmast því mannvirkid þar inn á. Reiðskemmunefnd Dreyra hefur rætt stækkunina við starfsmenn skipulags- og umhverfissviðs og hafa þeir ekki gert athugasemdir við stækkunina sem slíka svo fremi sem að bæjarstjórn Akraneskaupsstaðar geri ekki athugasemdir við hana.

Stjórn Dreyra óskar eftir afstöðu bæjarstjórnar Akraneskaupsstaðar um hvort gerðar séu athugasemdir við aukna stærð reiðskemmu á Æðarodda upp á 125 m².

Virðingarfyllt

f.h stjórnar Dreyra

Ása Hólmarsdóttir